

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 227/2023

frá 22. september 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/463 frá 3. mars 2023 um leyfi til að setja á markað osteópontín úr mjólk úr nautgripum sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/465 frá 3. mars 2023 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir arsen í tilteknum matvælum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/466 frá 3. mars 2023 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ísoxaben, nóvalúrón og tetrakónasól í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 71, 9.3.2023, bls. 43.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 68, 6.3.2023, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 68, 6.3.2023, bls. 51.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 68, 6.3.2023, bls. 55.

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005):

„– **32023 R 0466**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/466 frá 3. mars 2023 (Stjtið. ESB L 68, 6.3.202, bls. 55), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 71, 9.3.2023, bls. 43.“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006):

„– **32023 R 0465**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/465 frá 3. mars 2023 (Stjtið. ESB L 68, 6.3.2023, bls. 51).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

„– **32023 R 0463**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/463 frá 3. mars 2023 (Stjtið. ESB L 68, 6.3.2023, bls. 32).“

4. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 227. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/648):

„228. **32023 R 0463**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/463 frá 3. mars 2023 um leyfi til að setja á markað osteópontín úr mjólk úr nautgripum sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 68, 6.3.2023, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/463 og reglugerða (ESB) 2023/465 og (ESB) 2023/466, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 71, 9.3.2023, bls. 43, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður